

Hvað er sveitarfélag?

Sveitarfélög eru handhafar framkvæmdavalds, fara með staðbundna stjórnsýslu og gegna mikilvægu lýðræðislegu hlutverki. Þau eru það sjórvald sem er næst íbúunum. Staða sveitarfélaga hefur breyst í aldanna rás en sú skipan sem er til staðar í dag varð til uppúr miðri 19. öld og þá að danskri fyrirmynd.

Í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar er ákvæði um sjálfstjórn sveitarfélaga og hefur það m.a. verið rökstutt á þann veg að það væru mannréttindi íbúa sveitarfélagsins „að fá að kjósa þá sem færu með stjórn sveitarfélagsins í almennum lýðræðislegum kosningum. Á þann hátt fengju íbúar sveitarfélagsins sjálfstjórn í eigin málum og yrðu lausir við afskipti skipaðra embættismanna konungs í sveitarstjórnarmálum“ (Jóhann Tómas Sigurðsson, „Sjálfstjórn sveitarfélaga“. Úlfliótur 2000, 2. tbl. 53. árg., bls. 160-362).

Í skýrslunni *Staða og framtíð íslenskra sveitarfélaga* (2017) sem finna má hér á síðunni, sammæltist verkefnisstjórnin um að skilgreina sveitarfélag út frá fjórum grunnþáttum:

1. Sveitarfélag er stjórnsýslueining, hinn staðbundni hluti af framkvæmdavaldinu.
2. Sveitarfélag er framkvæmdaraðili opinberrar þjónustu.
3. Sveitarfélag er lýðræðisvettvangur.
4. Sveitarfélag er samfélagsleg eining.

Hinn 1. desember 2017 voru 74 sveitarfélög í landinu. Íbúafjöldi þeirra er mjög mismunandi, til eru bæði mjög fjölmenn sveitarfélög s.s Reykjavík (123.000 íbúar) og Kópavogur (35.000 íbúar) og mjög fámenn s.s Árneshreppur (46 íbúar) og Helgafellssveit (52 íbúar). Í Austur-Húnavatnssýslu voru íbúar 1. desember 2017, á Blönduósi 866, á Skagaströnd 479, í Húnavatnshreppi voru 408 íbúar og í Skagabyggð 101 íbúi. Samkvæmt lögum eru gerðar sömu kröfur til allra sveitafélaga án tillits til fjölda íbúa. Íbúar allra sveitarfélaga eiga rétt á tiltekinni þjónustu.

Í viðtölum við íbúa hefur m.a. eftirtalið komið fram um sveitarfélögin:

„Ja, ég er ekkert viss um hvaða þjónustu sveitarfélagið á að veita“

„Það eru margir sem telja að sveitarfélagið standi ekki eins sterkt og áður og séu því með opinn huga“

„Meiri kröfur sem settar eru á sveitarfélög t.d. lög um persónuvernd svo er verið að ráða fólk inn í hlutastörf til að ráða við verkefnin. Verður alltaf flóknara og flóknara“

Til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til sveitafélaga um þjónustu við íbúana hafa mörg þeirra, einkum þau fámennari, með sér mikla samvinnu. Sú samvinna getur verið með samningum eða byggðasamlögum. Bæði þessi samstarfsform eru notuð í A-Hún, en hér er samvinna milli sveitarfélaga mjög mikil. Sveitarfélögin í A-Hún eru með byggðasamlög um félags- og skólaþjónustu, um tónlistarskóla og um atvinnu- og menningarmál. Málefni fatlaðs fólks eru vistuð hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Samningur er um búfjárefartilits- og fjallskilanevnd Austur-Húnavatnssýslu, og sveitarfélögin eru með margvíslega samninga sín á

milli um t.d. skóla- og leikskóla, um félagsstarf aldraðra, um brunavarnir, dreifnám, bókasöfn, Héraðsbókasafn, skjalasafn o.fl.

Helstu rök fyrir sameiningu sveitarfélaga hafa verið þau að með því yrðu þau betur í stakk búin til að uppfylla kröfur um góða stjórnsýslu og framkvæmd opinberrar þjónustu. Eining hefur því verið haldið fram að fjölmennari sveitarfélög gætu betur sótt fram fyrir hönd sinna íbúa.

Á undanförunum áratugum hefur sveitarfélögum í landinu fækkað nokkuð. Flest voru þau um 1950 en þá voru þau 229 talsins. Hinn 1. desember 2017 voru þau, eins og áður segir 74.

Hér mynd sem sýnir útlínur sveitarfélaganna í mismunandi litum eftir landshlutum.

Skipting landsins í sveitarfélög og landshluta

